

174.fundur í Skipulagsnefnd Skaftárhrepps
haldinn 21.júní 2022 kl. 15.00 Kirkjubæjarstofu – þekkingarsetri, Kirkjubæjarklaustri.

Mætt til fundar eru Jón Hrafn Karlsson, Rúnar Þorri Guðnason, Guðbrandur Magnússon, Jóhannes Gissurarson og Elín Heiða Valsdóttir. Jafnframt Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri og Ólafur E Júlíusson skipulags- og byggingarfulltrúi

Dagskrá:

Jón Hrafn Karlsson skipaður formaður leggur til viðbót á boðaðri dagskrá sem snýr að kosningu varaformanns og ritara nefndarinnar.

1. Kosning varaformanns, Elín Heiða Valsdóttir tilefnd, samþykkt samhljóða.

2. Kosning ritara, Rúnar Þorri Guðnason tilnefndur, samþykkt samhljóða.

3. Kæra til ÚUA vegna framkvæmdaleyfis fyrir Hnútvirkjun í Hvefisfljóti liggur frammi.

Landvernd, Eldvötn, Náttúruverndarsamtök Íslands, Náttúruverndarsamtök Suðurlands, Ungir Umhverfissinnar, Þverárfélagið ehf., Steinunn Sigurðardóttir, Þóra Ellen Þórhallsdóttir lögðu fram sameiginlega kæru. Yfirlýsing liggur fyrir frá Fish Partner. Jafnframt liggur frammi skýrsla frá Veðurstofu Íslands, athugasemdir Landverndar, álit um mat á umhverfisáhrifum frá Skipulagsstofnun, málskot til ráðherra frá Landvernd, töluleg gögn frá Landsneti, 173.fundargerð skipulagsnefndar Skaftárhrepps, 475.fundargerð sveitarstjórnar Skaftárhrepps, auglýsing framkvæmdaleyfis og afrit af framkvæmdaleyfi útgefnu af skipulags- og byggingarfulltrúa frá 12.05.2022.

Skipulagsnefnd fór yfir framlögð gögn í málinu.

Málinu frestað til næsta fundar en í millitíðinni verði aflað frekari gagna m.a. frá Landsneti, Rarik og Orkustofnun. Tekið verði saman áætlaðar tekjur Skaftárhrepps af fyrirhugaðri virkjun.

RÞG vék af fundi sökum vanhæfis undir lið 4.

4. DSK breyting að Skaftárvöllum 13 – Grenndarkynning

Fyrir fundi liggur breytt dsk sem fór í grenndarkynningu á tímabilinu 13.maí til og með 15.júní. Engar athugasemdir bárust.

Skipulagsnefnd samþykkir dsk og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að afgreiða málið í samræmi við 44.gr. skipulagslaga nr 123 frá 2010.

Fleira ekki gert fundi slitið 16:04

Jón Hrafn Karlsson
Jón Hrafn Karlsson
Guðbrandur Magnússon
Guðbrandur Magnússon

Elín Heiða Valsdóttir
Elín Heiða Valsdóttir
Jóhannes Gissurarson
Jóhannes Gissurarson

Rúnar Þorri Guðnason
Rúnar Þ. Guðnason